



Fjallskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

42. fundur Fjallskilanevndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, þriðjudaginn 11. júní 2024 kl. 19.⁰⁰ e.h.

Fundinn sátu:

Bergur Guðmundsson, formaður

Antonía Helga Guðmundsdóttir

Ragnheiður Eggertsdóttir

Jakob Guðnason

Steinar Sigurjónsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Steinar Sigurjónsson

1. Verkefni nefndarinnar

Farið yfir hlutverk og verkefni nefndarinnar.

2. Grafningurinn

Farið yfir stöðu varðandi leitir í Grafningi. Fyrir liggur að fé hefur fækkað talsvert í Grafningnum og kemur líklega til með að fækka enn frekar. Formanni og starfsmanni nefndarinnar falið að ræða við fjallskilanevnd í Ölfusi um aðkomu þeirra að smölun á Grafningsafretti.

3. Samræming leita

Formanni og starfsmanni nefndarinnar falið að ræða við fjallskilanevnd Laugardals varðandi samræmingu leita í Töglum og á Völlum.

4. Nýting beitarsvæða

Farið yfir svör sem hafa borist rafrænt vegna nýtingar á sameiginlegum beitarsvæðum. Fyrirkomulagið varðandi söfnun svara virðist virka ágætlega en starfsmanni nefndarinnar falið að ræða við þá sem ekki hafa svarað.

5. Girðingamál

Fjallskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps hvetur sveitarstjórn til að skora á Þingvallabjóðgarð að klára að girða af Þjóðgarðinn og viðhalda þeim girðingum sem fyrir eru á svæðinu.

6. Fjallmannahittingur

Rætt um að halda Fjallmannahitting í haust að loknum smalamennskum. Formanni falið að vinna að útfærslu.



Fjallskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps

7. Fyrirkomulag leita

Farið lauslega yfir fyrirkomulag leita og hvort að undirbúa þurfi breytingar varðandi fyrirkomulag. Almenn ánægja með fyrirkomulag leita síðasta haust og lagt til að unnið verði út frá því skipulagi. Endurskoða þarf dagsverk vegna seinni leita í kringum Búrfell og víðar.

8. Klausturhólaréttir

Nefndin leggur til að Klausturhólaréttir verði jafnaðar við jörðu sem fyrst áður en meiri skaði hlýst af þeim. Starfsmanni nefndarinnar falið að vinna að málinu. Jafnframt er starfsmanni falið að skoða aðra möguleika varðandi staðsetningu rétta við Klausturhóla.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 20:25